

## **Tillaga til 439. fundar bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar 20. júní 2019**

Tillaga 521. fundar skipulags- og mannvirkjanefndar frá 12. júní sl., að umsögn um tillögu að matsáætlun, vegna fyrirhugaðrar aukningar á framleiðslu á laxi í sjókvíum í Arnarfirði um 4.500 tonn.

Skipulags- og mannvirkjanefnd Ísafjarðarbæjar telur að betur þurfi að rökstyðja kafla 6 um framkvæmdarkosti, þ.e. aðrir valkostir í frummatsskýrslu. Að öðrum kosti gerir nefndin ekki athugasemdir við tillöguna.

### **11. Laxeldi í Arnarfirði - framleiðsluaukning um 4500 tonn - 2017120058**

Verkís hf. óskar eftir umsögn Ísafjarðarbæjar, f.h. Arnarlax hf., með tölvupósti dags. 31. maí sl., vegna tillögu að matsáætlun, vegna aukningar á framleiðslu á laxi í sjókvíum í Arnarfirði um 4.500 tonn. Fylgiskjal tölvupósts eru Drög að tillögu að matsáætlun dags.31.05.2019.

*Skipulags- og mannvirkjanefnd Ísafjarðarbæjar telur að betur þurfi að rökstyðja kafla 6 um framkvæmdarkosti, þ.e. aðrir valkostir í frummatsskýrslu. Að öðrum kosti gerir nefndin ekki athugasemdir við tillöguna.*